

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldþrotahrunsins og lögum um umboðsmann skuldara. (206.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum vegna uppgjöra gengistryggðra lána o.fl.

Viðskiptaráð Íslands tekur undir með höfundum greinargerðar með ofangreindu frumvarpi að nauðsynlegt er að eyða þeirri óvissu sem skapast hefur í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands í málum vegna gengistryggðra lána. Ráðið hefur komið athugasemdum sínum við frumvarpið á framfæri með greinaskrifum og fréttum birtum á vef ráðsins og eru helstu athugasemdir sem fram hafa komið ítrekaðar hér.

Eins og komið hefur fram þá hafa eignaleigufyrirtækin þegar hafist handa við að endurreikna samninga m.v. dóma Hæstaréttar en helstu atriði frumvarpsins eru að sett eru ákvæði til bráðabirgða til að taka á tímabundnum úrlausnarefnum á samhæfðan hátt vegna óviss réttarástands. Gerðar eru tvær breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu, annars vegar á 14. gr. þar sem verðtrygging krafna með gengistryggingu verður lögmat með fimm skilyrðum og hins vegar á 18. gr. með nákvæmum uppgjörsreglum vegna samninga sem tryggðir eru með ólögmati gengistryggingu. Svo er lagt er til að sett verði á laggirnar úrskurðarnefnd á grundvelli laga nr. 107/2009 sem hafi það verkefni að leysa úr álitamálum sem varða sértæka skuldaaðlögun fyrirtækja.

Sú löggjöf sem ofangreint frumvarp felur í sér kemur til með að draga úr óvissu um meðferð gengistryggðra bíla- og húsnæðislána. Því ber að fanga þó deildar beiningar séu um nægilega langt eða of langt hafi verið gengið. Boðaðar aðgerðir eru þó skref í þá átt sem þarf að fara.

Skuldaúrlausn heimila er ein forsenda þess að efla eftirspurn í hagkerfinu og styðja við fyrirtæki landsins enda eru hagsmunir heimila samtvinnaðir hagsmunum atvinnulífs með margvíslegum hætti. Atvinnulífið er nauðsynleg forsenda atvinnusköpunar og aukinna lífskjara og heimilin eru undirstaða þeirrar verðmætasköpunar sem gerir fyrirtækjunum kleift að halda uppi hagvexti. Eftir því sem lífskjör heimila batna og tekjur fyrirtækja aukast, þeim mun betur gengur að standa undir sameiginlegri þjónustu og því velferðarkerfi sem Íslendingar sækjast eftir.

Heimili og fyrirtæki eru í sameiningu uppspretta þeirrar eftirspurnar sem er lífæð hagkerfisins. Skuldavandi eftirspurnar dregur þrótt úr hagkerfinu og veikir þann efnahagslega bata sem er nauðsynlegur nú og á næstu misserum. Hagvöxtur er allra hagur og með markvissum skrefum stjórnvalda og fjármálakerfis sem miða að því að draga úr óvissu sem enn er til staðar um meðferð skulda heimila og fyrirtækja má leysa mörg af þeim afleiddu vandamálum sem nú er glímt við. Ekki er nægjanlegt að taka einungis á skuldavanda fyrirtækja eða heimila. Taka verður á vanda beggja stoða eftirspurnarinnar.

Þrátt fyrir að nú séu liðin tvö ár frá bankakreppunni þá ríkir enn óvissa um skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Frestun á vandanum er eingöngu til þess fallin að lengja og dýpka efnahagslæggðina og því er mikilvægt að hið opinbera sem og innlendar fjármálastofnanir taki af skarið og leysi úr þeim vandræðum sem mögulegt er að taka á í dag, samfélaginu til heilla.

Við stöndum á slíkum tímamótum að nú verða hagsmunir heildarinnar, raunsæi og samstarfsvilji að ráða för. Stemma þarf stigu við frekari hrörnun hagkerfisins og vinna að skuldaúrlausn heimila og fyrirtækja með markvissum aðgerðum. Slíkar aðgerðir styðja við íslensk heimili og efla atvinnulífið til framtíðar. Þá skiptir jafnframt afar miklu að úrvinnslu á skuldavanda fyrirtækja verði hraðað eftir fremsta megni innan bankakerfisins – með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki.

Viðskiptaráð hvetur til þess að frumvarpið verði tekið til markvissrar skoðunar af Alþingi, í góðu samstarfi við alla hagsmunaaðila. Mikilvægt er að eyða þeirri óvissu sem ríkir um skuldastöðu sem allra fyrst. Sú óvissa sem ríkir stuðlar ekki að þeirri uppbyggingu sem er okkur nauðsynleg sem samfélagi og dregur úr þrótti þeirra fyrirtækja sem enn lifa. Komast þarf að samkomulagi og niðurstöðu um þá leið sem fara þarf til að leysa úr þeirri óvissu því sá glundroði sem ríkir meðan beðið er aðgerða er engu skárri en sú óvissa sem leiðir af ástandinu.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands